

# Leikskólinn Sólborg

## Ísafirði



**Árskýrsla fyrir starfsárið**

**1. september 2015 - 31. ágúst 2016**



## Efnisyfirlit

|                                                                   |    |
|-------------------------------------------------------------------|----|
| 1.Inngangur.....                                                  | 4  |
| 2.Skólahald.....                                                  | 4  |
| 3.Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með markmiðin.....     | 8  |
| 4.Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun..... | 9  |
| 5.Fjöldi barna og deilda.....                                     | 10 |
| 6.Fjöldi kennara, stöðugildi,forföll.....                         | 10 |
| 7.Hreyfing á starfsfólki, barnsburðaleyfi og veikindi.....        | 10 |
| 8.Upplýsingar um keypta þjónustu.....                             | 11 |
| 9.Upplýsingar um sjálfsmat.....                                   | 12 |
| 10.Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði,lóð.....      | 12 |
| 11.Upplýsingar um stórar fjárfestingar.....                       | 13 |
| 12.Samstarf við aðrar stofnanir.....                              | 14 |
| 13.Viðhald, breytingar og fjárfestingar.....                      | 14 |
| 14.Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun.....                   | 14 |
| 15.Lokaorð.....                                                   | 14 |



## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem var á döfinni í leikskólanum Sólborg skólaárið 2015–2016, hvernig gekk að fylgja áætlunum og markmiðum eftir.

## 2. Skólahald

Skólaárið og skólahald má segja að hafi gengið nokkuð vel þegar á heildina er litið. Stutt sumarfríslokun þ.e. 2 vikur setti þó mark sitt á starfið í skólanum. Helstu ókostirnir voru m.a. þeir að það gafst lítill tíma til viðhalds eða endurbóta. Þá var ekki hægt að bóna í sumarfríinu og var það tekið í tveimur áföngum yfir helgi, fyrir og eftir sumarleyfi. Þar sem sumarlokunin var stutt, átti starfsfólk töluvert eftir af fríinu sínu þegar leikskólinn opnaði aftur. Þá þurfti að skipuleggja vel hvernær hver fór í frí eftir fríum barnanna á deildinni. Starfsemi skólans var öðruvísi þessar tvær vikur fyrir og eftir sumarleyfi, sumt með sína kosti en annað hafði sína galla. Sum börn voru vansæl með þessar breytingar þar sem þau þekktu ekki eða að það var ekki vant starfsfólkinu sem var á deildinni þeirra, þar sem deildir og starfsfólk var samnýtt eftir fjölda barna sem var í skólanum hverju sinni. Það skapaði síðan óróleika hjá foreldrum að þurfa að skilja barnið sitt eftir vansælt. Fá börn og fáir kennarar getur vissulega verið notalegt um tíma en sum söknuðu vina sinna og stöðuleikans sem þau voru vön.

Það var vitað að töluverð starfsmannabreyting yrði í byrjun skólaárs, og miklar breytingar yrði í kennarahópnum. Það sem var ekki vitað var að fólk mundi stoppa stutt við, byrjaði og hætti síðan snögglega. Það gerði starfið á tveimur deildum erfitt í byrjun skólaárs og þó sérstaklega á annarri þar sem stöðuleiki á starfsmannahald kom ekki fyrr en í nóvember. Það var reynt að mæta þessu eins vel og kostur var. Þetta fór þó illa í einstök börn, foreldra og einnig starfsfólk. Eftir að ákvörðun lá fyrir um að 5 ára deildinni Eyrarsól yrði lokað á sumarleyfi, var ákveðið að hafa tvær elstu deildarnar aldurskiptar í leikskólanum Sólborg. Var búið að ganga frá og skipuleggja þessar breytingar í maí og ákveðið að framkvæma þær í lok ágúst eða í upphafi nýs skólaárs. Leikskólinn opnaði eftir sumarfrí 5. ágúst og farið var í breytingar 20. ágúst þegar bæði börn og starfsfólk voru komnir til starfa eftir sumarfrí. Börn og starfsfólk flutti á þá deild sem þau áttu að vera á skólaárið 2015-2016.



Aðlögun nýrra nemenda á Sólborg, hófst 25. ágúst og var út september, allt gekk vel, nýir nemendur voru fljótir að finna til öryggis og samlagast hópnum. Við breyttum aðeins fyrirkomulaginu frá því árið áður. Við höldum okkur við þátttökuaðlögun þ.e. að foreldrar taka virkan þátt í aðlögun barnanna en fórum samt hægar í aðlögunina. Tekin voru aðeins 3-4 börn inn í einu, aðeins 1-2 börn á hvora deild. Þar að leiðandi tók aðlögunin lengri tíma en ella, en meiri ró og næði fyrir nýju einstaklingana að aðlagast. Í janúar var börnum fjölgað á yngstu deildinni og einu stöðugildi bætt við til að mæta þörf fyrir leikskólaplássi. Aðlögunin þá tók langan tíma og var mikið álag á meðan á því stóð fyrir alla aðila.

2. mars 2016 fluttu elstu börnin á 5 ára deildina Eyrarsól, sem opnuð var aftur vegna aukinnar eftirspurnar eftir leikskólaplássum hjá sveitarfélaginu. Aðlögun og flutningar gengu mjög vel en það tók smá tíma að ná festu í starfið í nýju umhverfi.

Á Sólborg Torfnesi fluttu börn og starfsfólk á milli deilda eftir að 5 ára börnin fóru á Eyrarsól, og byrjað var að aðlaga ný börn inn.

Á vormánuðum 2015 var ákveðið að byrja á sameiginlegu verkefni hjá skólum Ísafjarðarbæjar sem ber nafnið Stillum saman strengi og er lestrarátak sveitafélagsins. Hver skóli átti að byggja upp sitt verkefni og gera það sýnilegt í sínu starfi. Við hér í leikskólanum Sólborg teljum okkur hafa áður unnið markvisst að málörvun barna, þar sem við vinnum eftir aðalnámskrá leikskóla. En það má alltaf gera betur. Mikil vinna fór í það að gera læsisstarfið okkar sýnilegra og enn markvissara en áður. Lagt var mikið upp með það að læsi og málörvun gerist alls stað í starfinu okkar, hversu hversdagslegt sem það er. Við leggjum inn orð og veltum fyrir okkur tungumálinu í öllu umhverfi barnsins s.s. í fataklefanum, við matarborði, í útiverunni. Lagt var áhersla á tákni, hljóð, rím og ritma, atkvæði, almennan lestur og frásagnir. Þemastarfið í anda Reggio Emilia fléttaðist inn í sem og aðrir námbættir samkvæmt skólanámskrá leikskólans.

## Leikskólinn hefur verið með fastar hefðir í skólahaldinu – þær voru eftirfarandi:

- Á föstudögum er skipulagðar gleðistundir í leikskólanum. Nemendur og kennarar koma þá saman og njóta ýmskonar uppákoma eins og t.d. lestur, framsögn, söng eða stuttur leikþáttur bæði frá nemendum og kennurum. Í haust voru smávægilegar breytingar gerðar. Einu sinni í mánuði eru allar deildarnar saman í gleðistund, en annars eru eingöngu yngri deildarnar saman, og eldri deildarnar saman. Deildarnar og stjórnendur skiptast á að stjórna gleðistundum.
- 2ja-4ra ára börnin fara 2 x í mánuði í íþróttahúsið. 5.ára börnin á Eyrarsól fara í íþróttatíma 1x í viku.
- Elstu börnin fara á bókasafnið tvisvar sinnum í mánuði.
- 5 ára börnin fara í Tónlistarskólann 2x í viku, átta vikur í senn á haust- og vorönn.
- Haldið var upp á evrópska tungumáladaginn með samveru allra barna þar sem sungin voru lög á nokkrum tungumálum.
- 13. október var náttfataball.
- 29. október var foreldrakaffi frá kl. 8.00 – 10.00.
- 13. Nóvember var þjóðhátíðardagur Póllands haldin hátíðlegur, sungið á pólsku og Iwona og Monika (pólskumælandi kennarar) stjórnðu samverustund og Jola (pólskumælandi matráður) eldaði fyrir okkur pólskan mat.
- 16. nóvember var haldið upp á dag ísl.tungu.
- 27. nóvember var smekklausidagurinn hjá kennurum skólans þ.e. kennarar mæta í „hallærislegum“ fötum í skólann og veitt eru sérstök verðlaun.
- 11. desember voru kennarar á Dokku með jólaleikrit.
- Frá miðjum desember er sokkastund. Það er jólahefð í leikskólanum. Þá er kíkt í sokk sem jólasveinninn kom með kvöldið áður og lesið þau skilaboð sem leynist í sokknum eins og t.d. óskalög jólasveinsins, sögur um og af jólasveinunum og fjölskyldu þeirra. Þessi samvera varir í c.a. 10-15 mín og deildirnar skiptast á að skipuleggja þessar





stundir. Hluta af stundunum eru yngri og eldri sér og síðan allir saman einhvern hluta. Reynt er að hafa sokkastundirnar jafn margar og jólasveinarnir eru.

- 17. desember var jólastund Sólborgar. Sögð var jólasaga og jólasveinar komu í heimsókn.
- 7. janúar var rafmagnslaus dagur.
- 22. janúar var haldið Þorablót.
- 1. Febrúar var haldið upp á 18. ára afmæli Sólborgar. Sungið var fyrir skólann og boðið upp á ís. Einnig var boðið upp á Sólarvöflur í kaffinu eftir hádegisdag.
- 5. febrúar var haldið upp á dag leikskólans sem er 6. Febrúar ár hvert. Foreldrum var boðið í morgunkaffi og á sýningu á verkum barnanna.
- 8. febrúar var maskaball og boðið upp á bolludagsbollur.
- 27. febrúar voru kennarar Krókur með leikrit.
- 2. mars börnin af Króki flytja niður á Eyrarsól.
- 11. mars var gestadagur á Sólborg, og einnig á Eyrarsól.
- 17. mars var tveimur elstu árgöngunum boðið á árshátíð Grunnskólans.
- 29. apríl voru kennarar á Króki með leikrit.
- 18. maí var umferðarstofa með umferðarfræðslu fyrir elstu börnin.
- 26. maí kl. 10.00 voru elstu börnin útskrifuð frá 5 ára deildinni Eyrarsól. Útskriftin fór fram í Hömrum og heppnaðist í alla staði mjög vel.
- 7. júní var listasýning leikskólans. Ákveðið var að færa aðeins út kvíarnar og setja upp sýningu á tveimur stöðum, í Stjórnsýsluhúsinu og í verslunarmiðstöðinni Neista. Þetta var gert með það fyrir sjónir að leyfa fleiri bæjarbúum að njóta verka barnanna. Við höfum áður sett upp sýningar á ýmsum stöðum út í bæ, bæði á stofnunum bæjarins, á sjúkrahúsinu og einnig í fyrirtækjum s.s. Hamraborg og Fiskibúðinni Sjávarfang. Þetta er gert sérstaklega ef að fyrirtækin eða stofnanirnar tengjst þemastarfi barnanna.
- 16. júní var sólargangan. Leikskólarnir hér á eyrinni koma saman við kirkjuna og ganga saman í skruðgöngu með fána, kórónur og við trommuslátt, í lögreglufylgd niður á silfurtorg þar sem við syngjum um sólina, sumarið og 17. Júní. Þessi hefð er mjög

skemmtileg og gerir sterkan svip á bæinn. Við tengjum þetta bæði sumarkomunni og einnig þjóðhátíðardegi Íslands sem er alltaf daginn eftir.

- 23. Júní var íþróttahátíð á Suðureyri. Annað hvert ár er íþróttahátíð sem leikskólar Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur skiptast á að skipuleggja. Það gekk allt saman mjög vel og við vorum einstaklega heppinn með veður þetta árið.
- 30. júní fóru elstu börnin í sína árlegu óvissuferð/útskriftarferð.
- 5. júlí fóru tveir elstu árgangar leikskólans í heimsókn á Náttúrugripasafnið í Bolungarvík. Síðan voru þau með pitsuveislu á Eyrarsól á eftir.
- 7. júlí var grillveisla. Grillað lambalæri, lóðin skreytt, tónlist spiluð og farið í ýmsa leiki á lóðinni, en borðað inni.

### **3. Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með starfsmarkmiðin**

Starfsmarkmið leikskólans 2015 - 2016 voru að búa nemendum og kennurum öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytan leik og starf með einkunnarorð leikskólans virðing, leik og upplifun að leiðarljósi. Einnig er það alltaf markmið okkar að starfa með hugmyndafræði Reggio Emilia að leiðarljósi, að reyna dýpka okkur í þeim fræðum, þannig að allt starfsfólk kynnist og fái tækifæri til að efla sig í þeirri hugmyndafræði sem er í raun og veru lífsýn á hvernig starfa eigi með börnum og hvernig eigi að koma á móts við þau í sínu þroskaferli. Læsisverkefnið Stillum saman strengi tók þó nokkurn tíma af okkar starfsdögum og undirbúningi þar sem við vorum að dýpka okkur í því, og finna leiðir til að flétta því inn Reggio starfið okkar. Fræðsla miðaðist að miklu leiti við efni tengdu því á kostað þess að fá fræðslu um Reggio og því má segja að hluta til kom það niður á því að vinna að starfsmarkmiðunum og tengja það stefnu skólans.

Ný skólanámskrá leikskólans Sólborgar leit dagsins ljós í apríl 2015. Með námskránni ákváðum við að útbúa aðra námskrá fyrir alla þá námsþætti sem okkur ber að vinna með samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Sú vinna er að mestu leiti búinn og er búið að prenta út nokkur eintök fyrir starfsfólk skólans til yfirlestrar og athugasemda. Ætlunin er að búa til veggspjald sem



hengt verður upp á hverri deild. Þannig gerum við starfið okkar sýnilegra og hvernig við vinnum með þau námsvið sem unnið er með leikskólabörnum. Ætlunin er að koma þessu í framkvæmd á nýju skólaári 2016-2017 og liður í að vinna enn betur að starfsmarkmiðunum okkar.

#### 4. Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun

Í leikskólanum Sólborg starfar einstaklega jákvætt og gott starfsfólk sem vinnur sína vinnu vel, er tilbúið að vega og meta starf skólans og hvað má gera betur. Við fórum í tilraun með að breyta dagskipulaginu og byrja hópastarfið kl. 9.15 og hefur það gengið mjög vel. Það sem við gerðum líka var að hafa einn kaffitíma hjá starfsfólki í stað tveggja, og er hann eftir hádegismat barnanna. Það hefur gefist mjög vel og meiri tími og ró sem hefur skapast almennt á deildunum, í hópastarfinu og útinámi. Það eru sumir kennarar sem taka 10-15 mínútur fyrir hádegi ef það hentar starfinu á deildinni.

Til að auka tengsl við foreldra og til að gera starfið okkar sýnilegra var sett upp fésbókarsíða fyrir hverja og eina deild skólans og síðan er ein síða fyrir allan skólann þar sem settar eru inn upplýsingar til foreldra. Þetta hefur gefist mjög vel og foreldrar ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Það gekk ekki nægjanlega vel að fá fræðslu um Reggio hugmyndafræðina þar sem mikill tími fór í fræðlu tengt læsisverkefni eins og fram hefur komið.

Við prófuðum að færa kaffistofu starfsmanna og útbúa matstofu fyrir börnin á eldri deildunum til að minnka raskið deildunum tengt matmálstímum. Það reyndist ekki ganga nægjanlega vel, bæði vegna aðstöðuleysis sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra, og það vantaði aðstöðu til að funda, einnig aðstöðu þegar sérfræðingar voru að koma s.s. sálfræðingur og talmeinafræðingur. Reynslunni ríkari var farið í að breyta aftur í fyrra horf þegar 5 ára börnin okkar frá Sólborg fóru á Eyrarsól 2. mars sl.

Þegar ákvörðun lá fyrir um að þörf væri á að opna aftur 5 ára deildina Eyrarsól á miðju skólaári tók við vinna við undirbúa þann flutning vel m.t.t. barna, foreldra og starfsmanna. Það tók tíma að koma festu á skólastarfið á Eyrarsól og fyrir alla að læra og átta sig í nýjum aðstæðum, en





Þegar það var komið gekk allt vel. Það þurfti líka að fara í tilfærslur á milli deilda á Sólborg Torfnesi, og byrja að aðlagja inn ný börn. Þetta allt saman setti svip sinn á skólastarfið í vetur. Það sem við höfum reynt eftir bestu getu er að passa vel upp á er að halda vel utan um starfsmannahópinn sem nú er á tveimur stöðum, tryggja góð samskipti og samvinnu á milli allra óháð húsi.

8. júlí var síðasti dagurinn sem 5 ára deildinni Eyrarsól verður opinn. Þau börn sem þar eru verða síðustu vikuna sína á gömlu deildinni sinni á Sólborg Torfnesi. Leikskólinn lokaði síðan vegna sumarleyfa 15 júlí kl. 15.00.

Það sem bíður nýs skólaárs er að opna nýja 5 ára deild fyrir öll 5 ára börn á Ísafirði, í kjallara Tónlistarskólans. Það verður skemmtilegt og spennandi verkefni að fást við, þrátt fyrir skiptar skoðanir fólks á ágæti slíkrar deildar. Það er okkar að hafa velferð barnanna sem þar koma til með að dvelja að leiðarljósi, skapa traust og gott samstarf við foreldra þessara barna, byggja upp gott leikskólastarf út frá aðalnámskrá leikskóla, skapa traust um starfið með góðum starfsmannahóp, og í góðu samstarfi og samvinnu við foreldra.

## 5. Fjöldi barna og deilda

Starfsárið byrjaði þannig að á Sólborg voru fjórar deildir en síðan fjölgað deildum í fimm með opnum Eyrarsólar í mars sl. Á tveimur yngri deildunum Bót og Dokku er pláss fyrir 16 börn. Í byrjun skólaárs voru börn á Dokku 16 talsins, fædd 2012 og 2013 en í mars urðu breytingar, börnin voru þá ennþá 16 talsins, en öll fædd 2013. Á Bót voru þau í upphafi skólaárs 16 talsins, fædd 2013 og 2014 en í apríl/maí voru þau orðin 19 og öll fædd 2014. Það var gert til að mæta þörf fyrir leikskólaplássi og það fylgdi eitt stöðugildi með.

Á Naust er pláss fyrir 24 börn. Í vetur voru 23 börn í árgangi 2011. Það hélst allt árið þar sem Naust var eina deildin sem ekki varð rót á í vetur vegna flutnings 5 ára barna niður á Eyrarsól.

Á Króki er pláss fyrir 24 börn. Fram að mars voru 23 börn fædd 2010 á Króki. 2. mars 2016 fluttu þau niður á Eyrarsól og börn fædd 2012 af Dokku fluttu á Krók. Þau voru 18 talsins.

Á 5 ára deildinni Eyrarsól er pláss fyrir 32 börn. Frá 2. mars voru 25 börn á deildinni.

## 6. Fjöldi kennara, stöðugildi, forföll

Við leikskólann starfa alls 31 starfsmenn og þar af þrjár sem eru í ræstingu. starfsmennirnir voru í alls 29,11% stöðugildum.

## 7. Hreyfing á starfsfólki, barnsburðaleyfi og veikindi

- Ástrós Þóra Valsdóttir fór í fæðingarorlof í lok Júlí 2015 fram í miðjan ágúst 2016.
- Elzbieta J Mazur í veikindaleyfi frá 01.03.2016 og í framhaldinu í fæðingarorlof.
- Kristjana D. Valgeirsdóttir fór í veikindaleyfi 08.04.2015 og síðan í fæðingarorlof til 1. september 2016.
- Inga Jóna Sigurðardóttir fór í veikindaleyfi 7. mars og síðan í framhaldi í fæðingarorlof í 12. mánuði.
- Anna Gunnarsdóttir byrjaði hjá okkur 1. janúar 2016.
- Arna Kristbjörnsdóttir byrjaði tímabundið 1. mars 2016 til 15. ágúst 2016.
- Arna Ýr Kristinsdóttir byrjaði 14. ágúst 2015 og hætti 24. ágúst 2015. Hún byrjaði síðan aftur 12. desember 2015.
- Ástrún Þórðardóttir byrjaði tímabundið 1. apríl 2016.
- Bryndís Gunnarsdóttir leikskólakennari byrjaði tímabundið hjá 5. ágúst og ætlaði að starfa til 15. júlí 2016 en er búin að ráða sig áfram.
- Daníel Þór Midgley byrjaði 9. september 2015 og hætti störfum 7. júní 2016.
- Dagur Elí Ragnarsson byrjaði 10. maí 2016 og hætti 19. ágúst 2016.
- Elma Guðmundsdóttir starfar hjá okkur í 50% starfshlutfalli í gegnum samning við Tryggingastofnun en er búin að vera í veikindaleyfi að mestu í allan vetur, en reiknar með að koma til starfa í september 2016.
- Guðrún Birgisdóttir leikskólakennari byrjaði hjá okkur 20. ágúst 2015, en hætti 6. nóvember 2015.
- Hanna Lára Jóhannsdóttir byrjaði 12. maí 2016 og hætti störfum 19. ágúst 2016.
- Helga Berglind Jónsdóttir byrjaði 22. febrúar 2015 hætti störfum 31. mars 2016.
- Ingibjörg Guðrún Heiðarsdóttir leikskólakennari hóf störf hjá okkur 7. mars 2016.

- Iwona M. Samson leikskólakennari byrjaði sem sérkennslustjóri 15. desember 2015 en um leið hætti hún sem deildarstjóri.
- Jennifer Grace Smith var í afleysingum hjá okkur frá 25. ágúst og 9. september 2015 og síðan 15. október til 31. desember 2015.
- Jónína Þorkelsdóttir meistaranemi í sálfræði byrjaði hjá okkur 1. janúar 2016.
- Kristjana B Marthensd Olsen hætt í ræstingum 1. júní 2016.
- Kjartan Helgi Steinþórsson byrjaði 1. september 2015 og hætti störfum 1. maí 2016.
- Lea Bergsveinsdóttir félagsfræðingur byrjaði 24. ágúst 2015.
- M. Halldóra Halldórsdóttir byrjaði aftur hjá okkur 3. júní 2016 eftir að hafa verið í launalausum frá 1. september 2015.
- Petra Rut Jónsdóttir var ráðin tímabundið hjá okkur frá 1. apríl 2016 til 8. júlí 2016.
- Sólveig Erlingsdóttir þroskajálfi/ sérkennslustjóri hætti störfum 30. nóvember 2015.
- Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir byrjaði 5. ágúst 2015 og hætti störfum 4. desember 2015.
- Svava de Deus Ingólfsdóttir hóf störf 3. nóvember 2015.
- Tanja Rut Pálsdóttir var ráðin tímabundið hjá okkur frá 11. janúar 2016 til 15. júlí 2016.
- Þórunn Ólafsdóttir byrjaði sem aðstoðarmaður í eldhúsi 27. ágúst 2015 og hætti 30. október 2015.
- Vanda Cristina de Silve Encarnacao byrjaði hjá okkur 1. nóvember 2015 og var þá í gegnum samning við Vinnumálastofnun til 31. janúar 2016. 1. febrúar er hún ráðinn við leikskólann.

## 8. Upplýsingar um keypta þjónustu

Frá 1. mars var keyptur var matur frá Grunnskólanum á Ísafirði fyrir 5 ára deildina. Í páska- og sumarleyfi eldaði matráður Sölborgar fyrir 5 ára deildina.



## 9. Upplýsingar um sjálfsmat

Deildarstjórar og sérkennslustjóri gerðu skýrslu um starfið fyrir hvern mánuð fyrir sig og skiluðu inn til leikskólastjóra 2x ári (desember og júní). Einnig höfum við haldið fundi með tveimur elstu árgöngum skólans til að ræða starfið í skólanum og heyra þeirra raddir og sjónarmið.

Fyrir þremur árum komum við á nýjum þætti sem snýr að okkar innra mati. Það var að bjóða foreldrum barna til hádegisverðafundar þar sem rætt er um starf og stefnu skólans, hvað við erum að gera vel og hvað mætti betur fara. Þetta teljum við vera vettvang fyrir foreldra til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, og til að hafa áhrif á stefnu og strauma leikskólans. Þetta hefði verið í þriðja skipti sem svona fundir yrði haldinn, en vegna mjög dræmar þátttöku í ár þurftum við að hætta við fundinn. Vonum við að þetta hafi eingöngu verið tilfallandi þetta árið, og ætlum að halda ótrauð áfram á næsta ári þar sem þetta hefur gefið góða raun og sköpuðust góðar umræður um starfið okkar og áherslur varðandi börnin. Foreldrar og allt starfsfólk svara könnun sem kemur frá Skólapulsinum ár hvert. Síðasta könnun sem lögð var fyrir foreldra var því miður ekki marktæk vegna dræmrar þátttöku. Hún hefur verið notuð í sjálfsmati leikskólans og spurning hvort þurfi að fara nýjar leiðir til að ná til foreldra því þessi könnun hefur verið með margar spurningar og oft erfiðar fyrir fólk að svara.

## 10. Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði, lóð.

Eins og kom fram í skýrslunni okkar á síðasta ári þarf að fá nýjan upphitaðan kofa/skúr á lóðina fyrir útileikföng sem er í réttri hæð fyrir kennara. Þá þarf að huga að aðkomu við skólann og bílastæðum. Í stað þess að leggja upp við skólann væri ráð að skoða með að loka aðkomunni nema fyrir vöruflutningar og bæta við bílastæðum hér fyrir ofan skólann. Þetta myndi bæta öryggi barna til mikilla muna. Einnig þyrfti að skoða með skjól fyrir kerrur og þotur sem foreldrar þurfa að geyma hér úti þar sem ekki er pláss fyrir það inni. Þá þarf að færa stigann upp á loft því hann er á leiksvæði barnanna. Yfirfæra þarf leiktæki og öryggisvarnir á lóð. Einnig þarf að betrubæta og lagfæra öryggismottur í kringum kastalann. Athuga þarf með dren á

lóðinni, sérstaklega þar sem gamla tónlistaskólaplatan er. Hæðarpunktur á ristum á frárennslis-rörum/ræsum standa upp úr þannig að vatn rennur ekki niður um þau, einnig eru frárennslisrör/ræsi í jörðu meira og minna stífluð. Fara þarf yfir útihurðir og viðarverja, þétta. Skoða þarf með þakglugga þar sem starfsmannaaðstaðan er uppi á lofti til að fá meiri birtu og loftræstingu. Bæta þarf um betur með meiri hljóðvist t.d. með vegg á milli yngri deildana og í vinnurými kennara uppi á lofti. Laga þarf og mála í eldhúsi þar sem skipt var um gólfduk og fyrir framan deildar þar sem færa þurfti hljóðplötur.

## 11. Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Uppþvottavélin í eldhúsinu er kominn til ára sinna og þarf mikið viðhald, og fer að líða að því að þörf verði á nýrri. Það sama með segja um þurrkarann í þvottahúsinu. Þá þarf að fjárfesta í fleiri nýjum kennarastólum, húsgögn á kaffistofu orðin slitin og lúin, skilrúmum. Skjávarpa og tjald þarf leikskólin að eignast bæði fyrir börnin og þeirra vinnu og einnig fyrir starfmannafundi og námsskeiðshald. Einnig þarf að fjárfesta í ljósaborði fyrir börnin. Þá þarf að fjárfesta í sólarrúllugardínunum fyrir glugga. Mála deildar.

## 12. Samstarf við aðrar stofnanir

Við höfum átt gott samstarf við Grunnskólann, Tónlistarskólann, bókasafnið, íþróttahúsið auk annarra þjónustustofnana á Ísafirði. Það hefur verið gott samstarf á milli leikskólanna í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík. Það er alltaf vel tekið á móti okkur þegar við til skiptis á sumrin förum með eldri deildarnar í heimsókn í byggðarkjarnana hér í kring.

## 13. Viðhald, breytingar og fjárfestingar

Framkvæmdir vegna hjóðvistar var gerð í sumarfríinu 2015 og einnig seinna um haustið þar sem efni var ekki nóg og það tók tíma að panta það. Nýr háfur var settur upp í eldhúsið í sumarfríinu. Einnig var settur upp nýr kastala og skipt var um duk í eldhúsi.



## 14. Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun

Það tókst vel. Það voru einstaka liðir sem voru hærri og aðrir lægri. Það er stundum erfitt að áætla einstaka liði því ef hlutir taka upp á því að bila getur verið mjög dýrt að gera við þá því öll útseld vinna er mjög dýr. Það að hafa ekki aðgang að húsverði þýðir meiri kostnaður við hin ýmsu viðhaldsverk. Þá er mjög kostnaðarsamt að skipta um perur því það er svo hátt til loftis og þörf á iðnaðarmanni í verkið.

## 15. Lokaorð

Hlutverk stjórnanda í leikskóla er mjög fjölbreytt og krefst þess að viðkomandi geti tekið á öllum þeim málum sem upp koma sem lúta að kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, samstarfsaðilum og rekstri skólans.

Hlutverk leikskólans er m.a. að hlúa vel að alhliða þroska barnsins með leikinn og gleðina að leiðarljósi. Á leikskólanum Sólborg vinna frábærir kennarar sem leggja mikinn metnað í starf sitt. Það hefur orðið fjölgun á leikskólakennurum við skólann og er það mjög ánægjulegt. Einnig eru nokkrir starfsmenn í námi og huga að enn frekara námi í leikskólakennarafræðum haustið 2017. Það var mjög lærdómsríkt fyrir okkar innra starf að fara í gegnum þá vinnu sem fólst í því að gera læsisstarfið okkar sýnilegra í leikskólanum og fella það inn í almennt starf skólans. Það tók tíma en hefur tekist vel til. Það sem við þurfum að beina sjónum okkar enn frekar að á komandi skólaári er að styrkja okkur og fá meiri fræðslu um Reggio hugmyndafræðina sem skólinn starfar eftir.

Það að loka 5 ára deild sumarið 2015 og opna hana aftur 2. mars sl. í sama húsnæði, hafði smá rask í för með sér á starfsemi skólans, en það gekk allt saman vel með samstillu átaki allra sem að því komu.

Ísafirði 28. september 2016,

---

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.



## *ársskýrsla 2015-2016*